

## Vígsla Gamla garðs og háskólasamfélags Háskóla Íslands

Ný og kærkomin viðbygging við Gamla garð, elsta Stúdentagarðinn, verður vígð í dag að viðstöddum fulltrúum Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Félagsstofnunar stúdenta, Háskóla Íslands, borgarstjóranum í Reykjavík og öðrum velunnurum háskólasamfélagsins. Isabel Alejandra Díaz og Björn Bjarnason, núverandi og fyrrverandi forsetar Stúdentaráðs munu leggja lokahönd á viðbygginguna við hátíðlega athöfn. Við Gamla garð bætast 69 leigugeiningar fyrir stúdenta á horni Hringbrautar og Sæmundargötu, en það er rétt rúmlega ár síðan Mýrargarður á Vísindagarðasvæðinu var vígður sem er fjölmennasta íbúðarhús landsins.

Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta hafa átt í farsælu samstarfi í tímans rás. Það kristallast í hugsjóninni á bakvið nýju garðana, en samkomusalurinn mun bera heitið *Stúdentabúð* og mun þar prýða listaverk tileinkað hagsmunabaráttu stúdenta sem Félagsstofnun veitir Stúdentaráði að gjöf í tilefni af 100 ára afmæli ráðsins, 4. desember 2020 sl.. Stúdentaráð færir Félagsstofnun miklar þakkir fyrir að bera ávallt hag stúdenta fyrir brjósti og hlakkar í senn til að halda áfram að efla samstarfið og þjónustu við stúdenta.

Samofin starfsemi Háskóla Íslands, fleiri stúdentaíbúðir, heildstæður þjónustukjarni, grænir samgöngumátar og fjölgun grænna svæða er framtíðarmarkmið okkar. Það er sameiginlegt hagsmunamál stúdenta, háskólans og Félagsstofnunar stúdenta að skapa öflugan háskóla sem er miðstöð þekkingar, rannsókna og nýsköpunar. Þétting háskólasamfélagsins er háð frekari uppbyggingu á svæðinu undir bæði kennslu, annars konar starfsemi háskólans og húsnæði fyrir stúdenta. Þegar Kennaraháskóli Íslands var sameinaður Háskóla Íslands árið 2008 varð hann eitt fimm fræðasviða háskólans, nú Menntavísindasvið. Fræðasviðið hefur haft aðsetur í Stakkahlíð en frá sameiningu hefur verið leitast eftir því af kappi að fá starfsemina á meginsvæðið í Vatnsmýrinni.

Á ársfundi Háskóla Íslands þann 10. júní 2020 var undirrituð viljayfirlýsing að framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs sem skyldi rísa á svæði Vísindagarða, á næstu fjórum árum. Mál hafa síðan þróast þannig að nú blasa aðrir valmöguleikar við hinum megin við Suðurgötuna þar sem stendur til boða að festa kaup á húsnæði Hótel Sögu, en frá því í vor hefur fjármálaráðuneytið leitt samningaviðræður fyrir hönd Háskóla Íslands. Kaupin myndu ekki einungis sameina starfsemi háskólans og stuðla að þéttara samfélagi, heldur einnig gera Félagsstofnun stúdenta kleift að auka þjónustu sína og bjóða stúdentum upp á rúmlega 100 stúdíóíbúðir í nágrenni við háskólann.

Það er brýnt hagsmunamál allra aðila sem koma að starfi Háskóla Íslands að Bændahöllin verði nýtt undir starfsemi Háskólans og húsnæði stúdenta. Stúdentaráð undirstrikar að hér sé einstakt tækifæri til að fjárfesta í háskólasamfélaginu og reynir því nú á stjórnvöld að sýna í verki að þeim sé annt um hag stúdenta.